



# Framkvæmda- fréttir 19. tbl. /04



Norðausturvegur (85). Hólkur settur í Saurbæjará í Finnafirði og veglína lagfærð. Myndir: Viðir Gíslason, 24. maí 2004.

## Auglýsingar útboða

### Mástunguvegur (329), 04-057

#### Gnúpverjavegur - Laxárdalur 2

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið: „Mástunguvegur (329), Gnúpverjavegur - Laxárdalur 2“.

Um er ræða endurbyggingu vegarins á 2,2 km kafla með malarslitlagi. Þá skal og brjóta niður brú á Tunguá (við Stóru-Mástungu) og setja nýtt ræsi í staðinn. Auk þess skal setja malarslitlag á 4 km til viðbótar.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	13.145 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	3.585 m <sup>3</sup>
Skeringar	16.450 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag, óunnið efni	8.360 m <sup>3</sup>
Malarslitlag, óunnið efni	3.000 m <sup>3</sup>
Ræsi	174 m

Verki skal að fullu lokið 10. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 21. júní 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. júlí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 sama dag.

Leiðrétt auglýsing, áður birt í 18. tbl.

### Vetrarþjónusta á Vesturlandi, 2004-2008 04-054

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur með vörubifreiðum á Vesturlandi innan ramma marksamnings á eftirtöldum leiðum.

Helstu magntölur eru:

1. Snæfellsnesvegur/Útnesvegur, Ólafsvík-Fróðárheiði-Hellnar-Arnarstapi ..... 35 km
2. Snæfellsnesvegur, Útnesvegur-Vatnaleið (norðan) .... 48 km
3. Snæfellsnesvegur/Vatnaleið, Vegamót-Stykkishólmur-Bíldhóll .. 72 km
4. Snæfellsnesvegur/Vestfjarðavegur/Laxárdalsvegur Bíldhóll-Búðardalur-Djúpvvegur ..... 73 km

Vertími er frá 1. nóvember 2004 til 30. apríl 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 14. júní 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 29. júní 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 19. tbl. 12. árg. nr. 376 21. júní 2004

Ritstjórn og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Niðurstöður útboða

### Snæfellsnesvegur (55), um Grundarfjörð, öryggisaðgerðir 04-050

Tilboð opnuð 15. júní 2004. Endurbætur (öryggisaðgerðir) á Snæfellsnesvegi (50) um Grundarfjörð.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	250 m³
Fyllingar og neðra burðarlag	550 m³
Ræsalögn	42 m
Niðurfallsbrunnar og ristar	15 stk
Efra burðarlag	50 m³
Malbik	1.600 m²
Eyjar með steinlögðu yfirborði	420 m²
Kantsteinar	2.700 m
Færsla ljósastaura	10 stk
Frágangur fláa og vinnusvæða	1.000 m²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
1 Berglín ehf., Stykkishólmi	28.532.000	191,2	7.169
2 Almenna umhverfis-þjónustan ehf., Grundarfirði	21.363.000	143,2	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	14.919.000	100,0	-6.444

### Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Álftanesvegur - Lækjargata, eftirlit 04-049

Tilboð opnuð 15. júní 2004. Eftirlit með breytingum á Reykjanesbraut í Hafnarfirði milli Álftanesvegur og Lækjargötu. Í verkinu felast m.a. endurbætur á gatnamótum Fjarðarhrauns og Flatahrauns, endurnýjun Lækjargötu milli Hringbrautar og Reykjanesbrautar ásamt aðlögun við aðliggjandi götur. Einnig gerð nýrra undirganga undir Lækjargötu og Reykjanesbraut ásamt breytingum á þrennum eldri göngum.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 1. nóvember 2004.

Tilboðum er raðað eftir stafrósröð bjóðenda

Bjóðandi	Hæfnismat (einkunn)	Tilboð (þús.kr.)
Almenna verkfræðistofan hf.	36	14.950.000
Fjölhönnun ehf.	42	11.700.000
Hönnun hf., verkfræðistofa	43	15.600.000
Strendingur ehf.	39	17.875.000
Verkfræðist. Björns Ólafssonar, Tækniþjónusta JRS, Orion ráðgjöf	42	16.320.000
Verkfræðistofan Hnit hf.	43	16.250.000
VSB verkfræðistofa	44	12.506.000
Áætlaður verktakakostnaður		15.600.000

### Brú á Fjarðará í Siglufirði 04-051

Tilboð opnuð 15. júní 2004. Bygging brúar á Fjarðará í Siglufirði. Brúin er 12 m steipt bitabrá í einu hafi.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	300 m³
Vegrið	96 m
Mótafletir	559 m²
Steypustyrktarjárn	16,9 tonn
Steypa	186 m³

Verki skal að fullu lokið 15. september 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
1 Brú verktakar ehf., Reykjavík	28.390.467	130,1	10.836
--- Áætlaður verktakakostnaður	21.815.043	100,0	4.261
2 Byggingafélagið Berg ehf., Siglufirði	19.470.000	89,3	1.916
3 Elinn ehf., Sauðárkróki	19.080.834	87,5	1.527
4 Mikael ehf., Hornafirði	17.554.140	80,5	0

### Loftmyndataka og stafrænn kortgrunnur 2004 04-052

Tilboð opnuð 15. júní 2004. Verkið: „Lofmyndataka og stafrænn kortgrunnur 2004“. Verkið felst í loftmyndatöku á 8 svæðum og stafrænum kortgrunni á 8 svæðum u.þ.b. 290 km² og þar af brotlínur á u.þ.b. 102 km².

Verklök: Loftmyndatöku skal lokið 25. ágúst 2004.

Síðasta svæði af stafrænum kortgrunni skal lokið 1. apríl 2005.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
1 Loftmyndir ehf., Reykjavík	5.037.000	110,2	178
2 Verkfræðistofan Hnit hf., Reykjavík	4.858.949	106,3	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	4.572.450	100,0	-286
Loftmyndir ehf. skilaði inn frávíkstilboði			

### Brú á Búðará í Reyðarfirði, framleiðsla niðurrekstrarstaura 04-053

Tilboð opnuð 15. júní 2004. Framleiðsla á steiptum niðurrekstrarstaurum fyrir brú á Búðará í Reyðarfirði ásamt flutningi þeirra á byggingarstað. Staurarnir verða 0,27 m á kant, 12 m langir.

Helstu magntölur eru:

Framleiðsla niðurrekstrarstaura	720 m
Flutningur niðurrekstrarstaura	135 tonn

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	7.518.700	100,0	3.607
1 Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík	3.911.632	52,0	0

## Sundabraut, mat á umhverfisáhrifum



Leið III, eyjalausn. Útlitsmynd.

Komin er út skýrsla um mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar. Matið er unnið af verkfræðistofunni Línuhönnun fyrir Vegagerðina og Reykjavíkurborg og fjallar um umhverfisáhrif 1. áfanga framkvæmdarinnar. Skýrslan liggur á vef Vegagerðarinnar, [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is), og er tenging af fréttalista á forsiðu. Nú er verið að halda kynningarfundum um matið og er fundur auglýstur á útkomudegi þessa tölublaðs, mánudaginn 21. júní, kl. 20 í félagsheimili Þróttar í Laugardal. Fundurinn er öllum opin.

Fyrsti áfangi framkvæmdarinnar nær frá tengingu Sundabrautar við Sæbraut, hann þverar Kleppsvík, tengist Hallsvegi austan Kleppsvíkur og fylgir honum frá Sundabraut að Strandvegi. Skipulagsstofnun hefur samþykkt að taka þennan áfanga Sundabrautar sérstaklega fyrir í mati á umhverfisáhrifum óháð byggingu seinni áfanga.

Sundabraut er nauðsynlegur hlekkur í stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001–2024. Hún er forsenda fyrir uppbyggingu í Gufunesi, Geldinganesi og síðar á Álfsnesi og er auk þess mikilvæg tenging fyrir norðurbyggðir Reykjavíkur (Grafarvog og Borgarholt) og síðar Hamrahlíðarlönd. Sundabraut hefur enn fremur mikla þýðingu fyrir samgöngur á landsvísu og þróun byggðar á suðvesturhorni landsins.

Þeir aðalvalkostir sem lagðir eru fram í þessari matsskýrslu eru alls þrjú talsins:

- Leið I, hábrú, þ.e. brú sem stór skip geta siglt undir.
- Leið I, botngöng, þ.e. steyp göng sem eru grafin ofan í yfirborð botnsins.
- Leið III, eyjalausn. Um er að ræða 100 m landfyllingu út frá Gelgjutanga, 60-70 m langa brú yfir á um 500 m langa manngerða eyju í miðri Kleppsvíkinni en þar tekur við 170-200 m löng brú yfir á Gufuneshöfða. Þetta er sá kostur sem Vegagerðin mælir með.

## Auglýsingar útboða

### Hringvegur (1), Víkurvegur – Skarhólabraut 04-039

Vegagerðin, Reykjavíkurborg og Mosfellsbær óska eftir tilboðum í tvöföldun Hringvegar á 3,5 km kafla milli Víkurvegar og Skarhólabrautar. Að hluta til er um að ræða nýjan veg með tveim aðskildum akbrautum og að hluta nýja akbraut meðfram núverandi vegi.

Gerð verða tvö ný hringtorg, tvær nýjar vegbrýr og ein göngubrú á Úlfarsá.

Helstu magntölur veghluta eru:

Skeringar í laus jarðlög	235.000 m <sup>3</sup>
Bergskeringar	90.000 m <sup>3</sup>
Fyllingarefni úr námum	70.000 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	40.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	35.000 m <sup>3</sup>
Tvöfalt malbik	50.000 m <sup>2</sup>

Helstu magntölur steyptra mannvirkja eru:

Mótafletir	2.160 m <sup>2</sup>
Steypustyrktarjárn	130.000 kg
Spennistál	30 tonn
Steinsteypa	1.360 m <sup>3</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 15. október 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 21. júní 2004. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00

þriðjudaginn 13. júlí og verða

þau opnuð þar kl. 14:15 sama dag.




## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar.  
Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-043 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, eftirlit	04
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	04
04-037 Vetrarþjónusta Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur og Varmahlíð - Norðurá	04
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
04-003 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi	04
04-023 Óshlíð, snjóflóðaskápar	04
04-018 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	04
02-015 Hringvegur (1) við Hellu	04
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	04
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirlit	04
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki	04
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
04-039 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut	21.06.04 13.07.04
04-057 Mástungurvegur (329), Gnúpverjavegur - Laxárdalur 2	21.06.04 06.07.04
03-010 Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging, 2. áfangi	14.06.04 29.06.04
04-056 Kjalvegur (35), þjónustumiðstöð - Háalda 2004	14.06.04 29.06.04
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008	14.06.04 29.06.04
03-095 Mjóafjarðarvegur (953) ofan Klífbrekku	07.06.04 22.06.04
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
04-053 Brú á Búðará í Reyðarfirði, framleiðsla niðurrekstrarstaura	01.06.04 15.06.04
04-052 Loftmyndataka og stafrænn kortgrunnur 2004	01.06.04 15.06.04
04-050 Snæfellsnesvegur (54) um Grundarfjörð, öryggisaðgerðir	01.06.04 15.06.04
04-051 Brú á Fjarðará í Siglufirði	24.05.04 15.06.04
04-049 Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Álfanesvegur - Lækjargata, eftirlit	17.05.04 08.06.04
04-008 Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004	17.05.04 01.06.04

Útboð á samningaborði, frh.	Auglýst:	Opnað:
04-046 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, klæðing	17.05.04	01.06.04
04-041 Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Álfanesvegur - Lækjargata	10.05.04	01.06.04
04-048 Borgarfjarðarbraut (50) um Kleppjárnsreyki, öryggisaðgerðir	10.05.04	25.05.04
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik	10.05.04	25.05.04
04-029 Mölbúður með malarðreifara á Norðurlandi eystra 2004	10.05.04	25.05.04
04-009 Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004	10.05.04	25.05.04
04-028 Klæðingar á Norðurlandi eystra 2004	03.05.04	18.05.04
04-017 Hlíðarfjallsvegur (837) um Hlíðarbraut, hringtorg	03.05.04	18.05.04
04-012 Landgræðsla á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004-2005	03.05.04	18.05.04
03-033 Ólafsfjarðarvegur (82) um Hörgá	26.04.04	18.05.04
04-011 Hegranesvegur (764), Sauðárkrókur - Helluland 2004	19.04.04	04.05.04
04-010 Efribýggðarvegur (751), Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur 2004	19.04.04	04.05.04
04-002 Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell	19.04.04	04.05.04
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
04-047 Vetrarþjónusta, Djúpvegur (61), Súðavík - Látur 2004-2007 Græðir sf.	18.05.04	08.06.04
04-005 Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2004 Króksverk, ehf., Sauðárkróki	18.05.04	11.06.04
04-040 Vetrarþjónusta Brjánslækur - Bíldudalur og bleyting í Barðastrandarsýslu 2004-2007 Græðir sf.	20.04.04	21.05.04
04-034 Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi (Suðursvæði) 2004 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.	18.05.04	04.06.04
04-014 Klæðingar á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004 Klæðning ehf.	11.05.04	04.06.04
04-013 Mölbúður með malarðreifara á Norðurlandi vestra 2004-2005 Vegamenn	11.05.04	10.06.04



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 14. júní 2004. Samtals er búið að sprengja 4.791 m sem gerir 84,1%.